

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Höfn, 1. mars 2016

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum. Þingskjal 160 - 160. mál.

Með tölvupósti dags. 16. febrúar 2016 óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn um eftirfarandi mál: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum, 160. mál. Með í þingskjalinu var greinargerð þar sem farið var yfir markmið þingsályktunartillögunnar.

Samtök náttúrustofa gera eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

Samkvæmt tillögunni verður skipaður starfshópur til að vinna aðgerðaáætlun. Á starfshópurinn meðal annars að rannsaka áhrif loftslagsbreytinga á lífríki hafsins og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að sporna við breytingunum.

Ekki er tilgreint um nánari útfærslu á starfshópnum, til hve langs tíma og hverjir eiga að vera í honum.

Á sama tíma og þingsályktunartillaga 160 var send til umsagnar barst þingsályktunartillaga 131 til umsagnar. Þar er fjallað um stofnun loftslagsráðs.

Samtök náttúrustofa styðja tillöguna um að skipa þurfi starfshóp til að vinna aðgerðaáætlun um viðbrögð við súrnun sjávar og stuðla að auknum rannsóknum á því sviði, enda um gríðarlegt hagsmunamál fyrir Íslendinga og náttúruvernd að ræða. Jafnframt vilja Samtök náttúrustofa benda á að þetta málefni megi sameina þingsályktun 131 og gera að sérstökum lið þar.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Kristín Hermannsdóttir - formaður